

Föstudaginn 26. maí 1939.

Nr. 44/1938. **Ísleifur Jónsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Tómasi Sigurþórssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Um skyldu til útgáfu skuldabréfs. Eiðsdómur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. marz f. á., krefst þess, að stefndi verði skyldaður til að gefa út til handa honum skuldabréf fyrir kr. 2250.00 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1937 til greiðsludags, er greiðist á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum þann 15. júní ár hvert, þó þannig að tvær fyrstu afborganirnar innist af hendi 15. júní 1939. Ennfremur krefst áfrýjandi, að greint skuldabréf verði tryggt með 3. veðrétti í húseigninni nr. 11 við Skeggjagötu í Reykjavík. Loks krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það athugast, að dómur getur ekki orðið lagður hér í þessu máli á kröfu áfrýjanda til veðtryggingar fyrir skuld þeirri, sem mál þetta fjallar um, með því að þeirri kröfu var vísað frá héraðsdómi.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefir Ólafur Guðmundsson skýrt svo frá fyrir dómi og unnið að því eið, að stefndi hafi á fundinum 3. júní 1937 játazt undir að greiða áfrýjanda fjárhæð þá, sem

hér er um að véla. Hafi stefndi verið fyrst í vafa, hvort sér bæri að taka á sig skuld þessa, og haft á orði, að hafa við ráð einhvers manns, sem skyn bæri á þetta málefni. Siðar hafi samt tal fundarmanna komið þar niður, að stefndi hafi undir skuldina gengið. Stefndi mótmælir því eindregið, að málalokin verði látin fara eftir skýrslu Ólafs Guðmundssonar, þar eð áfrýjandi geti krafist Ólaf skuldarinnar, faist hún ekki greidd úr sinni hendi.

Vitnaskýrsla Ólafs Pálssonar, er frá segir í héraðsdóminum, verður ekki talin full sönnun fyrir kröfu áfrýjanda, og afstaða Ólafs Guðmundssonar til málsins er þann veg, að vitni hans getur ekki tekið af tvímælin. Á hinn bóginn eru líkurnar fyrir staðhæfingu áfrýjanda það veigamiklar, að rétt þykir að láta málalokin velta á eiði stefnda, þannig að ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi eftir 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 innan þriggja vikna frá birtingu dóms þessa synjar fyrir það með eiði, að hann hafi þann 3. júní 1937 játast undir að gefa út til handa áfrýjanda skuldabréf fyrir kr. 2250.00, sem greiðast skyldi á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum ár hvert, þá á hann að vera sýkn af kröfu áfrýjanda, og greiði áfrýjandi honum þá kr. 300.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. En vinni stefndi ekki eiðinn, þá á hann innan viku frá lokum eiðsfrestsins að gefa út til handa áfrýjanda skuldabréf fyrir kr. 2250.00 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1937 til greiðsludags, sem greiðist með 10 jöfnum árlegum afborgunum 15. júní ár hvert, þó þannig að tvær fyrstu afborganirnar innist af hendi 15. júní 1939, og greiði hann þá áfrýjanda samtals kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefndi, Tómas Sigurþórsson, að undan-
gengnum löglegum undirbúningi á varnarþingi
eftir 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 innan þriggja
vikna frá birtingu dóms þessa synjar fyrir það
með eiði, að hann hafi þann 3. júní 1937 játazt
undir að gefa út til handa áfrýjanda, Ísleifi
Jónssyni, skuldabréf fyrir kr. 2250.00, sem greið-
ast skyldi á 10 árum með jöfnum afborgunum
ár hvert, þá á hann að vera sýkn af kröfu áfrýj-
anda, og greiði áfrýjandi honum þá samtals
kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæsta-
rétti. Vinni stefndi ekki eiðinn, þá á hann innan
viku frá lokum eiðsfrestsins að gefa út til
handa áfrýjanda skuldabréf fyrir kr. 2250.00
með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1937 til greiðslu-
dags, sem greiðist með 10 jöfnum árlegum af-
borgunum 15. júní ár hvert, þó þannig að tvær
fyrstu afborganirnar innist af hendi 15. júní
1939, og greiði hann þá áfrýjanda samtals kr.
300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæsta-
rétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri að-
fór að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er eftir árang-
urslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu
útg. 8. okt. 1937 af Ísleifi Jónssyni, kaupmanni, hér í bæ,
gegn Tómasi Sigurþórssyni, verkamanni, Skeggjagötu 11 hér
í bænum, og krefst stefnandi þess aðallega, að stefndur

verði dæmdur til að greiða sér kr. 2250.00 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1937 til greiðsludags, en til vara, að stefndur verði með dómnum skyldaður til þess að gefa út skuldabréf sér til handa fyrir framangreindri upphæð, er borgist á næstu 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og sé tryggt á þann hátt, er stefnandi telji fullnægjandi, eða samkvæmt mati réttarins.

Málskostnaðar krefst stefnandi, hvernig sem málið fer.

Stefndur krefst aðallega sýknu, en til vara krefst hann þess, að hann verði sýknaður gegn því að hann synji fyrir það með eiði, að hann hafi tekið að sér að greiða stefnanda hina umstefndu skuld. Þá krefst stefndur og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að með samningi dags. 21. jan. 1937 tókst Ólafur Guðmundsson, húsasmiður, Óðinsgötu 25 hér í bænum, á hendur að byggja hús fyrir stefndan í máli þessu á lóðinni nr. 11 við Skeggjagötu fyrir 24000.00 kr., og skyldi Ólafur leggja allt efni til hússins fyrir eigin reikning.

Er nánar tilgreint í samningnum, hvernig greitt skuli fyrir verkið, svo og að Ólafi skyldi heimilt að veðsetja firmanu H. Benediktsson & Co. eignina fyrir 10000.00 kr. Þá var og ákveðið í samningnum, að húsið skyldi vera tilbúið til íbúðar 14. maí 1937, ef frost hömluðu ekki.

Húsinu varð nú ekki lokið á tilsettum tíma, og virðist verktaki hafa verið kominn í mikil greiðsluvandræði og jafnvel ekki verið þess unkominn að ljúka byggingunni.

Í byrjun júní 1937 mun stefndur hafa átt frumkvæði að því, að gert yrði samkomulag um það, á hvern hátt byggingunni skyldi lokið. Þann 3. þess mánaðar komu þeir stefndur og Ólafur síðan saman í skrifstofu Iðnsambands byggingamanna ásamt forstöðumanni skrifstofunnar, Ólafi Pálsyni, og stefnanda máls þessa, er mun hafa verið boðaður þangað sérstaklega til þess að vera viðstaddur samkomulags-tilraunirnar.

Samkomulag náðist með verksala og stefndum um það, að verksali afsalaði sér verkinu, en stefndur tæki að sér að ljúka því með eftirfarandi skuldbindingum: 1) að stefndur greiddi þau vinnulaun, sem þá voru ógreidd fyrir unnin verk við húsið, svo og öll vinnulaun fyrir óunnin verk við það, 2) að hann greiddi veðskuld til firmans H. Benedikts-

son & Co. að upphæð kr. 10000.00, sem verksali hafði stofnað samkvæmt heimild í verksamningnum, og loks, að því er stefnandi telur, 3) að stefndur greiddi honum áfallna skuld fyrir hitunar- og hreinlætistæki í húsið með skuldabréfi að upphæð kr. 2250.00, er greiðast skyldi á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum.

Við skuldbindingarnar undir 1) og 2) mun stefnandi hafa staðið, en skuldbindingunni undir 3) hefir hann ekki fullnægt, enda hefir hann neitað því ákveðið í máli þessu að hafa nokkurntíma tekið að sér að greiða þessa upphæð.

Það er óvæfengt í máli þessu, að úttekt Ólafs hjá stefnanda vegna húss stefnds hafi numið hinni umstefndu upphæð og að hún sé ennþá ógreidd. Úttektin fór fram í reikning Ólafs, enda hafði stefndur engin afskipti af henni á neinn hátt. Krafa stefnanda hefir því upphaflega verið á Ólaf, og ber stefnanda því að sanna, að stefndur hafi tekið að sér að greiða skuldina, ef kröfur hans eiga að verða teknar til greina.

Í málinu liggur fyrir vottorð og staðfestur vitnaframburður Ólafs Pálssonar, forstöðumanns skrifstofu Iðnsambands byggingamanna, um að stefndur hafi í umrætt skipti tekið að sér að greiða stefnanda „áfallna skuld fyrir hitunar- og hreinlætistækjum með skuldabréfi að upphæð kr. 2250.00, er greiðast skyldi á 10 árum með jöfnum afborgunum.“ Önnur gögn liggja ekki fyrir réttinum, er bendi til þess, að stefndur hafi tekið að sér greiðslu umræddrar skuldar, og þykir því ekki gegn eindreginni neitun hans fullsannað, að svo hafi verið. Hinsvegar þykir stefnandi hafa fært svo miklar líkur fyrir staðhæfingu sinni, að rétt þykir að láta úrslit málsins velta á eiði stefnds, þannig að synji hann fyrir það með eiði á varnarþingi sínu og eftir lögmatan undirbúning, að hann hafi tekið að sér að greiða stefnanda umrædda skuld, þá skal hann vera sýkn af kröfum stefnanda og á stefnandi þá að greiða honum kr. 100.00 í málskostnað. Verði stefndum hinsvegar eiðfall, er að visu ekki unnt að taka aðalkröfu stefnanda til greina, þar eð ekkert liggur fyrir, er bendi til þess, að stefndur hafi lofað að greiða stefnanda umrædda skuld í einu lagi og þegar í stað, eða að nokkuð það hafi gerzt í skiptum aðilja, er hefði þau áhrif, að skuldin væri öll fallin í gjalddaga, þótt

greiðslu hefði verið lofað á þann hátt, sem stefnandi og vitnið Ólafur Pálsson telja.

En fari svo, að stefndum verði eiðfall, ber að taka vara-kröfu stefnanda til greina og skylda stefndan til að gefa út til handa stefnanda skuldabréf að upphæð kr. 2250.00, sem greiðist upp á næstu 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og beri 6% vexti p. a., og sé gjalddagi þess 15. júní ár hvert, í fyrsta sinn 15. júní 1938, enda verður að telja upplýst í málinu, að hafi á annað borð komizt á samningur milli aðilja um hérumrædda skuld, þá hafi verið samið um gjalddaga og vexti í samræmi við það, sem hér er ákveðið að vera skuli. Í þessu falli greiði stefndur stefnanda kr. 130.00 í málskostnað. Eins og áður segir, hefir stefnandi krafizt þess, að umrætt væntanlegt skuldabréf verði tryggt á þann hátt, sem hann telji fullnægjandi, eða samkvæmt mati réttarins. Krafa þessi þykir þó svo óákveðin, að ekki sé unnt að leggja dóm á hana í máli þessu, og verður hún því ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Synji stefndur, Tómas Sigurbórsson, fyrir það með eiði á varnarþingi sinu og eftir lögmætan undirbúning innan aðfararfrests í máli þessu, að hann hafi tekið að sér að greiða stefnanda, Ísleifi Jónssyni, framan-greinda skuld að upphæð kr. 2250.00. á hann að vera sýkn af kröfum stefnanda og á stefnandi þá að greiða honum kr. 100.00 í málskostnað.

Verði stefndum eiðfall, skal hann, sömuleiðis innan aðfararfrests í máli þessu, gefa út til stefnanda skulda-bréf að upphæð kr. 2250.00, er beri 6% vexti p. a. og greiðist upp á næstu 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og gjalddaga 15. júní ár hvert, í fyrsta sinn 15. júní 1938, og á þá stefndur að greiða stefnanda kr. 130.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.